



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 65. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Gamlabúð,
Höfn í Hornafirði,
25. febrúar 2019, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.
Hjördís Skírnisdóttir boðaði forföll

1. Skaftafell-Aðstaða rekstaraðila - 1902018

Á fundi svæðisráðs nr.63 22. nóvember var fjallað um framtíðarfyrirkomulag rekstaraðila í Skaftafelli og óskað eftir afstöðu stjórnar til málsins. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fjallaði um málið á fundi nr. 125 1. desember og tók undir sjónarmið svæðisráðs. Stjórn óskaði eftir að framkvæmdarstjóri og þjóðgarðsvörður myndu fylgja málinu eftir.

Farið yfir málið og rætt um drög að svarbréfi til rekstaraðila í Skaftafelli. Svæðisráð ítrekar mikilvægi þess að koma fyrirkomulagi og aðstöðu rekstaraðila í Skaftafelli í ásættanlegan farveg.

2. Skaftafellsjökull-Skipulagðar ferðir rekstaraðila - 1902015

Upphaf þessa máls má rekja til jarðfræðilegra aðstæðna þegar stór sprunga uppgötvaðist í Svínafellsheiðinni. Þar sem nokkur óvissa var um hvernig sprungan myndi þróast og hugsanlega framkalla berghlaup niður á Svínafellsheiði var mælst til að ferðaþjónustan nýtti ekki Svínafellsjökulinn í skipulagðar ferðir. Á fundum svæðisráðs og stjórnar var ákveðið að heimila nýtingu Skaftafellsjökuls í staðinn. Á fundi svæðisráðs nr. 59 28. ágúst 2018 var málið rætt og í framhaldinu boðað til samráðsfundar að Smyrlabjörgum.

Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðuna og reynsluna af nýtingu Skaftafellsjökuls til jöklagöngu. Í ljósi umræðu á fundinum stefnir svæðisráð á að boða rekstaraðila til fundar í byrjun apríl varðandi nýtingu jökla í Öræfum. Þjóðgarðsverði falið að boða fundinn.

3. Skaftafell-Hjóla- og göngustígur milli Svínafells og Skaftafells - 1902014

Lagt fram erindi dagsett 4. desember 2018 Íbúar í Svínafelli og Freysnesi hafa óskað eftir því við Sveitarfélagið Hornafjörð að fjármagn verði sett í göngu- og hjólastíg milli Svínafells og Skaftafells.

Svæðisráð fagnar erindinu um lagningu hjólastígs og gönguleiðar milli Svínafells og Skaftafells enda fellur það vel að þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um lagningu Jöklaleiðar í sveitarfélaginu.

4. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu fyrir matarvagn - 1902016

Erindi eigenda Humarhafnarinnar dagsett 21. febrúar. Ósk um heimild til að staðsetja matarvagn og koma upp útiaðstöðu fyrir gesti við Jökulsárlón.

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári. Atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

5. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu fyrir matarvagn - 1902017

Erindi Martin Fabry dagsett 16. febrúar. Ósk um heimild til að staðsetja matarvagn og koma upp útiaðstöðu fyrir gesti við Jökulsárlón. áform eru að hefja starfsemi 1. maí 2020.

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári. Atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

6. Jökulsárlón-Umsókn um kayaksiglingar - 1902013

Erindi Trölla ehf. dagsett 15. janúar. Ósk um heimild til að starfrækja kayak siglingar á Jökulsárlóni og staðsetja vagn til gestamóttöku á bílplani.

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári. Atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

7. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Formaður svæðisráðs og þjóðgarðsvörður fara yfir vinnuna frá síðasta fundi svæðisráðs. Lögð fram drög að lýsingu vegna deiliskipulagsgerðar við Jökulsárlón.

Verið er að ganga frá samningi við Glámu-Kím um nýtt deiliskipulag við Jökulsárlón. Í samningi er gert ráð fyrir að deiliskipulagið muni taka gildi í október 2019. Farið var yfir tillögur Glámu-Kím að skipulagslýsingu. Svæðiráð leggur áherslu á að lögbundin markmið þjóðgarðsins verði skrifuð inn í lýsinguna. Svæðisráð vill bæta við Samtökum ferðapjónustu sem umsagnaðaraðila um deiliskipulag. Eins leggur svæðisráð mikla áherslu á að tímaáætlun skipulagsvinnu sé fylgt þétt eftir. Svæðisráð felur formanni og þjóðgarðsverði að klára skipulagslýsingu og koma til skipulagsyfirvalda.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Fulltrúi ráðgjafahóps koma inn á fund svæðisráðs til að upplýsa um framvindu.

Gestir

Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði - 00:00

Þorvarður greindi frá vettvangsferð sem ráðgjafahópur fór í á Breiðamerkurjökul 4.febrúar síðastliðinn. Fleiri vettvangsferðir fyrirhugaðar. Einnig sagði hann frá fundi ráðgjafahóps, framkvæmdastjóra þjóðgarðsins og starfsmanna sem fram fór í lok janúar. Upplýst er um þá vinnu sem hafin er varðandi viðtöl við hagaðila sem og stöðuna í kortavinnu. Lögð er áhersla á gott samtal ráðgjafahóps, skipulagsráðgjafa, svæðisráðs og starfsmanna í þeirri vinnu sem í gangi er varðandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand og deiliskipulag við Jökulsárlón.

Lögð fram ósk um viðbótarviðtal við hagaðila, umfram það sem samþykkt var á síðasta fundi svæðisráðs þann 19. desember 2018. Viðtalið felur ekki í sér aukin kostnað fyrir þjódgarðinn. Svæðisráð samþykkir framlagða ósk um aukaviðtal.

Umræða um hagaðila ferðaþjónustunnar á svæðinu. Fulltrúi ferðaþjónustunnar fór yfir bókanir og samþykktir á fundum stjórnna Ríkis Vatnajökuls og Ferðamálafélagsins þar sem skýrt kemur fram að Ferðamálafélagið sé hagsmunaaðili ferðaþjónustunnar á svæðinu. Svæðisráð felur ráðgjafahóp að leita til Ferðamálafélagsins með tilnefningu fulltrúa til viðtals.

Ræddar voru hugmyndir um rannsóknir við Jökulsárlón sem snúa annars vegar að þolmörkum og hins vegar að hagrænum áhrifum. Svæðisráð styður að leitað verði eftir fjármagni til rannsókna á hagrænum áhrifum Jökulsárlóns sambærilega þeirri rannsókn sem gerð var í Skaftafelli og sýndi fram á 9,7 milljarða króna afleidd hagræn áhrif Skaftafells árið 2017.

9. FOR - Stafafell í Lóni boðin til kaups - 1902005

Fyrirspurn frá Forsætisráðuneytinu dagsett 7. febrúar. Ríkinu hefur verið boðin til kaups jörðin Stafafell í Lóni. Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundum nr. 127 og 18. febrúar og óskar stjórnin eftir umsögn svæðisráðs suðursvæðis vegna þessa erindis.

Farið var yfir erindi Forsætisráðuneytisins. Svæðisráð felur formanni og þjódgarðsverði að afla frekari upplýsinga og svara erindi í ljósi þeirra.

Fundi slitið kl. 13:00.